

Tillaga til 428. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. desember 2018

Tillaga 509. fundar skipulags og mannvirkjanefndar frá 5. desember sl. um að samþykkja breytingar á áður auglýstum uppdrætti og greinargerð vegna deiliskipulags jarðarinnar Sæborgar í Aðalvík.

3. Deiliskipulag - Sæborg, Aðalvík - 2018040002

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 504 þann 19. sept sl. voru teknar fyrir til efnislegrar meðferðar umsagnir og athugasemdir sem bárust við deiliskipulagsuppdrátt og greinargerð jarðarinnar Sæborgar í Aðalvík.

Með hliðsjón af bókun nefndar á fundi nr. 504, er lagður fram nýr uppdráttur ásamt greinargerð dagsett í október 2018 þar sem hefur verið tekið tillit til umsagna og athugasemda, sbr. efnislega meðferð athugasemda og umsagna, 504. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulagsmörk hafa verið færð frá landamerkjum aðliggjandi jarða, jafnframt hafa landamerki verið leiðrétt sbr. þinglýst gögn sbr. liði 3 og 4 vegna athugasemda Birnu Jóhannesdóttur.

Í greinargerð hefur jafnframt verið komið til móts við umsagnir umsagnaraðila í samræmi við bókun skipulags- og mannvirkjanefndar á fundi nr. 504.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á áður auglýstum uppdrætti og greinargerð.